



**402. fundur Þingvallanefndar  
5. september 2013**

Fundur settur í starfsmannahúsinu á Þingvöllum fimmtudaginn 5. september 2013. Fundarmenn voru alþingismennirnir Sigrún Magnúsdóttir formaður, Svandís Svavarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Haraldur Einarsson og Róbert Marshall.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir ritari sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði:

**1. Stefnumótun þjóðgarðsins - umræða.**

Í stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum 2004 - 2024 er framtíðarsýn þjóðgarðsins sett fram á grundvelli náttúru- og menningarverðmæta sem svæðið býr yfir. Stefnumörkunin byggir á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum sem samþykkt voru á Alþingi þann 28. maí 2004. Í stefnumörkuninni kemur fram tilgangur og hlutverk þjóðgarðsins og rammi settur utan um starfsemi þjóðgarðsins til langs tíma.

Nefndarmenn óska eftir að farið verði yfir stefnumótun þjóðgarðsins fljótlega eftir áramót. Ný ÞVN vill setja sitt mark á starfsemi þjóðgarðsins ásamt því að farið verði í að útbúa skýrslu um starfsemi og þjónustupörf innan þjóðgarðsins.

Þjóðgarðsvörður upplýsti um fund sem hann átti með forseta Alþingis sl. föstudag.

**2. Kárastaðir.**

Gamli bærin að Kárastöðum er boðinn nýrri Þingvallanefnd að gjöf. Lagðar eru fram fyrri bókanir ÞVN um boð afkomanda fyrrum ábúenda á Kárastöðum á minnisblaði frá Lilju Jónasdóttur lögfræðingi.

Samkvæmt fundargerð ÞVN þann 15.9.2009 er eftirfarandi bókað;

*Þingvallanefnd þakkar afkomendum fyrrum ábúenda á Kárastöðum þann góða hug sem að baki hugmyndinni býr, en telur sér ekki fært að þiggja hana og endurreisa bæinn eins og vert er. Samþykkt.*

Nefndarmenn staðfesta fyrri afstöðu og bókun Þingvallanefndar.

Þjóðgarðsverði er falið að fá röksemdir og skilmála frá Minjastofnun fyrir friðlýsingu hússins og kynna fyrir nefndinni.

**3. Heimsókn sveitarstjórnarmanna í þjóðgarðinn í sl. viku.**

Þjóðgarðsvörður sagði frá fundi sem hann hélt með sveitarstjórnarmönnum úr Bláskógabyggð og Gríms- og Grafningshreppi í síðustu viku. Formaður ÞVN sat einnig fundinn. Fundurinn var góður í alla staði þar sem mörg sameiginleg málefni voru rædd, þar á meðal skipulagsmál, viðbrögð við fjölgun ferðamanna, frárennismál, vöktun og gerð verndaráætlunar um Þingvallavatn, vega- og umferðarmál o.fl.

#### 4. Gjaldtaka í Silfru.

Þjóðgarðsvörður upplýsti um erindi kafara sem sent var til umboðsmanns Alþingis en þar er gjaldi fyrir köfun andmælt. Málið er í lögformlegu ferli.

#### 5. Önnur mál.

##### a. Valhallarstígur nr. 13, afgreiðslu frestað á síðasta fundi.

Erindið rætt.

Þjóðgarðsvörður leggur til við ÞVN að nefndin leiti, með vísan til 6. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004, eftir afstöðu forsætisráðuneytisins og fjárheimildum til að nýta forkaupsrétt nefndarinnar til kaupa á sumarhúsi við Valhallarstíg nyrðri nr. 13. Með því opnaðist greið leið niður að vatnsbakka Þingvallavatns fyrir almenning. Samþykkt.

Nefndarmenn óska eftir að úttekt verði gerð á almennum forsendum og ákvörðunum um nýtingu forkaupsréttar innan þjóðgarðsins.

##### b. Lýðveldisbörn. Óskað eftir styrkarframlagi frá Þingvallanefnd við undirbúning á bók um lýðveldisbörn.

Beiðni um fjárstyrk er hafnað.

##### c. Þingvallanefnd boðið hús á Hellu til kaups.

Húsið stóð eitt sinn á Þingvöllum. Myndir af húsinu lagðar fram. Nefndarmenn óska eftir að fá erindið sent til sín í tölvupósti.

Erindi frestað.

##### d. Húsnæði skrifstofu Þingvallanefndar.

Þingvallanefnd hefur í samráði við forsætisráðuneyti og Alþingi ákveðið að flytja skrifstofu sína úr herbergi í húsakynnum Alþingis og taka á leigu rýmra húsnæði í Austurstræti 12. Starfsmennirnir þrír og stundum fjórir rúmast ekki í herberginu, engin aðstaða er til móttöku gesta eða aðgengi almennings og kaffiaðstaða og fundarherbergi er ekkert. Starfsemi þjóðgarðsins fer vaxandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25.

